

Fjölbreyttar kennsluaðferðir

Lestur—framburður:

Lesum lipurt

Hvað æfir aðferðin? Framburð og lestur á íslensku með réttum áherslum. Að auki byggir aðferðin upp öryggi nemenda við tjáningu á íslensku.

Stutt lýsing: Nemendur æfa sig í framburði með því að lesa upphátt dálka 1-5 úr bókinni Lesum lipurt eftir Sigríði Ólafsdóttur. Hægt að lesa tveir og tveir saman eða yfir allan hópinn. Ég hef notað þessar æfingar markvisst í kennslu og nemendur tala sérstaklega um hversu gott þeim þyki að gera þessar æfingar. Þeim finnst þær gera sig öruggari í framburðinum sem og að fólk skilji fremur það sem þeir segja þegar þeir reyna að tala.

Fjöldi: 1-16

Nauðsynlegt efni eða aðstaða? Bókin Lesum lipurt eftir Sigríði Ólafsdóttur (fyrrri og seinni hluti). Meðal annars hægt að nálgast hana á Skólavefnum.

Nákvæm lýsing: Í byrjun skal útskýra uppsetningu bókarinnar og hvað skuli þjálfast með þessari aðferð. Bókin er gerð með lestrarkennslu barna í huga en hún hefur reynst mjög vel við að þjálfra framburð í íslenskukennslu fyrir útlendinga. Markmiðið er ekki að ná hljóðum án þess að vera með hreim heldur að ná hljóðunum og áherslum svo orðið skiljist. Ég tek oft fyrir orðið laugardagur með áherslu á annan sérhljóða og g sem uppgómmælt lokhljóð og spyr hvort nemendur viti hvaða orð ég segi: Lau-gar-da-gur? Oftar en ekki vita þeir ekki hvaða orð þetta er en þegar ég skrifa það á töfluna verður það svo augljóst. Mér finnst nemendur þá gera sér grein fyrir mikilvægi þess að æfa réttar áherslur við lestur íslenskra orða svo orðin skiljist í daglegu tali. Oftast hafa nemendur einmitt neikvæða reynslu af slíku. Persónulega þykir mér best að nemendur sitji í hring í fyrsta sinn. Ég tek fyrir fyrsta dálkinn, ekki skiptir máli hvaða stafur er tekinn fyrir en best þykir mér að byrja á b. Þá les ég upphátt dálk 1 og hvet nemendur til að skrifa hvað þeir heyra mig segja við hliðina á íslenska textanum. Síðan segir hver nemandi fjögur orð úr 1. dálki (byrja efst) og síðan tekur næsti við og koll af kalli. Síðan er dálkur númer tvö tekinn eins fyrir. Þegar nemendur eru óvanir þessum æfingum er best að taka fyrir dálk 1-3 og bæta síðan 4. og 5. við seinna. Best er að gera þessar æfingar í hvert sinn sem hópurinn hittist. Reikna má með 30-40 mín. í þessa æfingu til að byrja með en síðan styttest tíminn þegar nemendur verða öruggari og verður ca. 10 mín. Ég vel æfingar úr bókunum sem mér finnst henta hópnum hverju sinni. Ef ég er með sterka einstaklinga þá vel ég erfiðari stafi, t.d. Hn-æfingu. Aftur á móti þegar um byrjendur er að ræða þá vel ég einfaldari æfingar.

Hvaðan fékkstu vitneskju um þessa aðferð/ leik? Hlustaði á Sigríði Ólafsdóttur kynna bókina sína 2003 í tengslum við lestrarkennslu og ákvað á prófa hana með innflytjendum.

Nafn og hvaðan af landinu kemur þú? Selma Kristjánsdóttir, Reykjavík